

Frá ritnefndinni

Hér gefur að líta Álfhól, fyrsta fréttarit Foreldrafélags Álfhólsskóla sem hefur það markmið að efla upplýsingamiðlun og fræðslu til foreldra/forráðamanna skólans. Skólinn var stofnaður úr sameinuðum Hjallaskóla og Digranesskóla haustið 2010 og er nú einn stærsti grunnskóli landsins með um 730 nemendum og um 150 starfsmenn. Það má ætla að um 1300 foreldrar og forráðamenn komi að nemendum skólans sem hlýtur að teljast merkilega stór hópur. Stjórn foreldrafélagsins telur brýnt að standa vörð um hagsmuni allra foreldra/forráðamanna nemenda við skólann og m.a. með útgáfu þessa fréttabréfs koma á framfæri ýmsum gagnlegum upplýsingum um verkefni og þátt foreldra í skólastarfinu. Í ritnefnd Álfhóls eru Ragnhildur Ragnarsdóttir (ragrag@internet.is) og Guðni Björnsson (gudnir@internet.is).



Anna María Bjarnadóttir

Nýr formaður Foreldrafélags Álfhólsskóla

Á síðasta aðalfundi foreldrafélagsins var Karen Jenný Heiðardóttir kosinn formaður til eins árs en í lögum félagsins er kjörtími formanns eitt ár í senn. Á miðjum vetri hvarf Karen Jenný hins vegar til starfa í öðru landi og tók þá við formannsstöðunni Anna María Bjarnadóttir og gegnir því embætti amk til næsta aðalfundar í maí. Í þessu fréttabréfi er birt grein fráfarandi formanns um helstu málefni stjórnar foreldrafélagsins í vetur.

Pistill formanns

Nú lítur dagsins ljós fyrsta fréttabréf Foreldrafélags Álfhólsskóla (FFÁlfhól) og er þetta fréttabréf merki um það starf sem fram fer á vegum Foreldrafélagsins. Hlutverk FFÁlfhól er margvíslegt og á vegum félagsins starfa auk stjórnar og fulltrúaráðs bæði viðburðar- og starfsnefndir.

Fulltrúaráð félagsins samanstendur af stjórn félagsins, fulltrúum foreldra í skólaráði og bekkjarfulltrúum. Ráðið hefur hist tvisvar á þessum vetri og á haustfundi félagsins var valið í nefndir. Ef þú sem þetta lest hefur áhuga á að taka þátt í starfi nefnda félagsins en ert ekki hluti af fulltrúaráði FFÁlfhól, ekki hika við að hafa samband og gefa kost á þér.

Viðburðanefndir FFÁlfhól sjá um þá viðburði sem FFÁlfhól stendur fyrir. Nánari upplýsingar um nefndirnar og fulltrúa í þeim má finna á heimasíðu skólans, www.alfholsskoli.is.

Í þessum pistli ætla ég að fjalla aðeins nánar um starfsnefndir FFÁlfhól, starf félagsins er nefnilega svo mikið meira en bara að halda utan um viðburði.

Starfssvið **Öryggisnefndar** nær yfir gönguleiðir barnanna okkar til og frá skóla, öryggi þeirra í umferðinni og við leik og störf á leiksvæðum í nágrenni skólans. Nefndin starfar í samstarfi við öryggisnefnd skólans.

Röltnefndin okkar heldur utan um foreldraröltið en á fundum sem nefndin hefur átt með bæði lögreglu og fulltrúum annarra skóla hefur forvarnagildi röltisins komið ótvírætt fram.

FFÁlfhól stendur fyrir heilsurækt í íþróttahúsinu í Digranesi 3svar í viku og sér **Heilsuræktarnefndin** okkar um samskipti við kennara, innheimtu gjalda og annað sem þarf. Heilsuræktin er mjög vinsæl og hefur í gegnum árin verið ágætis tekjulind.

Á fundi Fulltrúaráðsins síðastliðið haust kom fram mikill vilji frá

foreldrum að setja á laggirnar mótuneytisnefnd sem færi yfir matarmálin í skóla barna okkar. Við erum enn að vinna að starfsreglum fyrir nefndina þar sem starfsvið hennar kemur til með að snerta starf skólans beint.

Að lokum er það **Fréttabréfsnefndin** en hlutverk hennar er að miðla fréttum af starfi FFÁlfhól til foreldra og forráðamanna með útgáfu Fréttabréfs.

Eins og sjá má að ofantöldu fer mikið og gott starf fram á vegum FFÁlfhól. Til viðbótar við nefndir heldur stjórn FFÁlfhól fundi einu sinni í mánuði þar sem starf félagsins er skipulagt, tekin eru fyrir þau mál sem koma inn á borð stjórnar og einnig hittir stjórnin reglulega skólastjóra Álfhólsskóla.

Ég vil benda foreldrum og forráðamönnum á fundargerðir stjórnar sem má finna á heimsíðu skólans, www.alfholsskoli.is.

Öðru starfsári FFÁlfhól lýkur með aðalfundi í maí. Á þessu starfsári höfum við styrkt innra starf félagsins mikið, sett starfsreglur fyrir bæði bekkjarfulltrúa og starfsnefndir, sett fram stefnu um starf félagsins sem m.a. var send foreldrum við innheimtu árgjalds.

Að lokum viljum við nota þetta tækifæri og þakka öllum þeim fjölda mörgu foreldrum sem komið hafa að starfi FFÁlfhól fyrir samstarfið síðustu tvö árin en þar sem ég og fjölskylda mín erum að flytja búferlum erlendis hef ég látið af störfum sem formaður FFÁlfhól og Anna María Bjarnadóttir tekið við keflinu fram að aðalfundi.

*Með bestu kveðju
Karen Jenný Heiðarsdóttir*

Mat á skólastarfi

Unnið hefur verið að mati á skólastarfi í Álfhólsskóla frá vorinu 2011. Í lögum um grunnskóla frá 2008 er kveðið á um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs. Markmið þess er m.a. að veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks, foreldra og nemenda skóla; auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum. Hverjum skóla er ætlað að framkvæma innra mat á kerfisbundinn hátt og skipaði skólastjóri matsteymi síðasta vor. Í því sitja 6 fulltrúar starfsfólks og einn fulltrúi foreldra. Teymið hefur hist u.þ.b. mánaðarlega nú í vetur.

Meginhluti starfsins hingað til hefur verið að móta matsáætlun fyrir Álfhólsskóla. Í því felst að skilgreina matsþætti og leiðir til að meta þá. Dæmi um matsþætti eru líðan, þarfir, starfsandi og samstarf nemenda og

samstarf heimilis og skóla. Matsáætlunin sem nú er í smíðum nær til vors 2016. Alls hafa 12 megin matsþættir verið skilgreindir sem verða metnir reglulega á þessum tíma. Mikið af þeim gögnum sem verða notuð til að meta matsþættina er safnað nú þegar með reglulegum könnunum í skólanum eða verða til í starfi hans. Öðrum gögnum verður safnað sérstaklega. Foreldrar eiga til dæmis von á að vera beðnir um að svara stuttri könnun um ýmislegt sem varðar skólastarfið nú í vor. Samkvæmt lögum á matsteymið að skila af sér skýrslu um mögulegar umbætur til skólastjóra og er grunnskólum skylt að birta opinberlega upplýsingar um matsstarfið, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Á heimasíðu skólans má finna frekari upplýsingar um matsvinnuna.

Gunnar Þór Jóhannesson



Vinafjölskylduverkefni í Álfhólsskóla



Vinafjölskyldur hafa vakið verðskuldaða athygli í Reykjavík en því verkefni hefur verið haldið úti í Vesturbæjarskóla og hlaut á síðasta ári foreldraverðlaun Heimilis og skóla. Vinafjölskyldur gengur út að erlendum fjölskyldum býðst að gerast vinir íslenskra fjölskyldna með ákveðnu fyrirkomulagi sem foreldrar sjá alfarið um. Þáttur skólans er að aðstoða við tengingar á milli erlendra nemenda og íslenskrar fjölskyldna sem bjóðast til að vera með í verkefninu.

Mikill áhugi var fyrir þessu verkefni þegar sagt var frá því á fulltrúarráðsfundi FFÁlfhól í febrúar sl. Þær sem kynntu verkefnið úr vesturbæ Reykjavíkur eru tilbúnar að koma á fund með stjórn foreldrafélagsins og skólastjórnendum og veita stuðning við að koma því á í skólanum. Nú stendur yfir undirbúningur hjá stjórn FFÁ og skólastjórnenda og því stutt í að það verði kynnt betur á meðal foreldra Álfhólsskóla. Frekari upplýsingar um verkefnið má finna á www.vesturbajarskoli.is



Aðalfundur Foreldrafélags Álfhólsskóla

**Priðjudaginn 15. maí kl. 20.00
í sal Álfhólsskóla, Hjalla**

Dagskrá aðalfundar:

Fundur settur
Kosning fundarstjóra og fundarritara
Skýrsla stjórnar
Skýrslur nefnda
Lagabreytingar
Reikningar lagðir fram til samþykktar
Árgjald félagsins ákveðið
Kosning formanns foreldrafélags
Kosning annarra stjórnarmanna
Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
Skýrsla skólaráðsfulltrúa
Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð
Önnur mál
Fundir slitið

Áhugasamir eru hvattir til að bjóða sig fram í næstu stjórn!

Hlökkum til að sjá sem flesta!

Veglegar veitingar í boði.

Fyrir hönd stjórnar Foreldrafélags Álfhólsskóla

Anna María

Akstur barna í Álfhólsskóla



Öll viljum við að börnin okkar komist slysa-laust í skólann. Mesta hættu þeirra barna sem ganga í skólann stafar af bílum sem ekið er eftir götum og bílastæðum sem þau þvera. Stór hluti þessara bíla eru á leið með börn í skólann. Því snýr það verulega að okkur foreldrum að lágmarka hættuna sem af þeim stafar.

Að sjálfsögðu væri það best ef öll börn gengju eða hjóluðu í skólann. Hins vegar treysta ekki allir foreldrar börnunum sínum til að ganga í skólann. Til að lágmarka slyshættu þurfa foreldrar að haga akstri sínum þannig að sem minnst hættu stafi, bæði að og frá skóla.

Lýkilatriði er að aka á **löglegum hraða** og líta vel eftir börnum á öllum hugsanlegum göngu- og hjólaleiðum. Sérstakar gætur þarf að hafa á öllum þeim stöðum sem leiðir barnanna geta þverað akstursleiðir og gæta varúðar þar sem blint horn er. Mikilvægt er að líta í hægri hliðarspegil þegar tekin er hægri beygja svo ekki sé ekið í veg fyrir barn (eða

fullorðinn) á reiðhjóli sem er á sömu akstursstefnu. Síðast en ekki síst þarf að fara að fyrir-mælum gangbrautavarda og sýna starfi þeirra virðingu.

Til viðbótar eru nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við báðar byggingar skólans

Digranes

Aka þarf varlega inn á bílplönin beggja vegna skólans. Forðast skal að bakka á þeim og alls ekki inni í hringtorginu við aðalinn-ganginn. Til að teyfa ekki umferð annarra og lágmarka slyshættu er nauðsynlegt að stöðva þar eins skamma stund og mögulegt er. **Það má ekki undir neinum kringumstæðum leggja bíl í hringtorginu.** Ef foreldrar þurfa að ganga inn í skólann með börnunum verða þeir að leggja bíl sínum í merkt bílastæði, sama hversu stuttan tíma þeir yfirgefa bílinn.

Mun meira rými er á bílplaninu sunnan við skólann við íþróttahúsið. Foreldrar sem ekki fara með börnunum inn í skólann eru hvattir til að fara inn á bílplanið á annarri akstursleið frá skólanum og fara þannig hring með því að taka síðan vinstri beygju inn á akstursleiðinni næst skólanum og hleypa börnunum sínum þar út. Þannig komast þeir hjá því að bakka inni á bílplaninu og auka þar með **öryggi barnanna.**

Foreldrar sem leggja bílunum og ganga inn með börnum sínum eru hvattir til að annað hvort bakka bílunum inn í stæðin og aka áfram út úr þeim eða fara aftur fyrir bíl-inn áður en þeir bakka úr stæðinu. Börnin í

Digranesi eru mörg lágvaxin enda um yngsta stig að ræða og þau sjást því oft illa eða alls ekki út um afturrúðu bílsins.

Síðast en ekki síst, **ökum varlega** á brott frá skólanum sama hversu mikið við erum að flýta okkur!

Hjalli

Töluvert er um það að foreldrar aki börnum sínum inn á bílplanið við Hlíðarhjalla 51–61. Þetta skapar bæði slyshættu fyrir börn úr blokkunum auk þess að vera mikið tillitsleysi við íbúana. Þeir lenda oft í erfiðleikum með að komast að heiman á þeim tíma sem foreldrar aka börnum sínum í skólann. Höfum það í huga að gönguleiðin í kring um skólann er hvergi meiri en 150 metrar og því alger óþarfi að fara inn á þetta bílplan eða önnur í nágrenninu. Foreldrar eru hvattir til að fara frekar út í kant í Hlíðarhjalla eða Álfaheiði til að hleypa börnunum út en þó alls ekki nálægt þeim stöðum sem börnin þvera göturnar, svo bílarnir skerði ekki útsýni annarra ökumanna á gönguleiðum þeirra.

Þó börnin séu eldri í Hjalla en í Digranesi þá er þetta eitt skólahverfi og því eru mörg yngri barnanna að ganga í nágrenni Hjalla. **Ökum því varlega við Hjalla!** Talsvert hefur verið kvartað yfir hraðakstri í Hlaðbrekku á þeim tíma sem börnin eru á leið í skólann og eru talsverðar líkur á því að þar fari að stórum hluta foreldrar sem hafa verið að aka börnum sínum í Hjalla.

Sigurður Grétarson

Líf og fjör í Digranesi

Foreldrafélagið stendur fyrir heilsurækt í Íþróttahúsinu Digranesi. Þar stunda foreldrar og aðrir áhugasamir leikfimi sem er fjölbreytt og skemmtileg, undir stjórn Láru Sveinsdóttur og Eyju Guðrúnar Sigurjónsdóttur íþróttakennara. Lögð er áhersla á þolfimi, palla, þrek- og teygjuæfingar.

Sjaldan hafa jafn margir sótt þessa tíma og í vetur enda er þetta án efa ein ódýrarasta og besta heilsurækt sem völ er á. Heilsuræktin fylgir skóladagatalinu. Foreldrar eru hvattir til að kynna sér þessa heilsurækt sem er í hverfinu og komast í form. Verum góð fyrirmynd fyrir börnin okkar.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. Tímar á mán. og mið. kl. 19–20 og lau. kl. 10–11.

Skráning á staðnum.

Það er aldrei of seint að byrja!



Nefndir á vegum foreldrafélagsins

Í foreldrafélaginu eru starfandi nefndir sem foreldrum býðst að taka að sér yfir vetrartímann. Kosið er í nefndir á hverjum aðalfundi og mikilvægt að þær séu vel mannaðar fyrir hvert skólaár.

Laufabrauðsnefnd · Páskabingónefnd · Árshátíðarnefnd · Vorhátíðarnefnd

Starfsnefndir: Fréttabréfsnefnd · Heilsuræktarnefnd · Röltnefnd · Öryggisnefnd · Skoðunarmenn reikninga

Stjórn Foreldrafélags Álfhólsskóla skólaárið 2011-2012

ffalhol@gmail.com

Anna María Bjarnadóttir, formaður, tengiliður við yngsta stig

Gunnar Þór Jóhannesson, varaformaður

Sólveig B. Hlöðversdóttir, ritari, tengiliður við elsta stig

Brynhildur Grímsdóttir, gjaldkeri

Selma Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, tengiliður við miðstig

Sigurður Grétarsson, meðstjórnandi, tengiliður við yngsta stig

Særún Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi, fulltrúi í skólaráði, tengiliður við miðstig

Varamenn: **Anna Þóra Bragadóttir**, **Kristín Andrea Einarsdóttir** og **Karen Jenný Heiðarsdóttir**